

Ríkissaksóknari  
bt. Sigríðar J. Friðjónsdóttur,  
Hverfisgötu 6,  
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 8. október 2013.

## Áskorun um endurskoðun áfrýjunar

Þann 19. september 2012 var ákæra gefin út á hendur undirrituðum, sem varð að héraðsdómsmálinu S-663/2012, þar sem undirrituðum er gefið að sök að hafa þann 8. desember 2008 skýrt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vísvitandi rangt og villandi frá hlutafjárhækkun Exista hf. að undirlagi meðákærða, Lýðs Guðmundssonar.

Eftir rúmlega þriggja ára rannsókn málsins, þar sem gagna var aflað í húsleitum víðsvegar um landið og í Bretlandi, var undirritaður ákærður án þess að fyrir lægi sönnunargagn eða vitnisburður um hið meinta brot.

Undirritaður hafði eingöngu samskipti við starfsmenn Exista hf. vegna hlutafjárhækkunar félagsins í desember 2008, en ekki meðákærða Lýð, eins og ranglega er haldið fram í ákæru. Eins og áður greinir er ekkert gagn í málinu sem styður fullyrðingu sérstaks saksóknara. Þvert á móti liggur fyrir í gögnum málsins að undirritaður fékk bein tilmæli frá starfsmönnum Exista hf. varðandi innsendingu tilkynningarinnar til fyrirtækjaskrár.


Niðurstaða héraðsdómara í máli S-663/2012 er afdráttarlaus. Dómari sýknar undirritaðan og tiltekur jafnframt að tilkynning til fyrirtækjaskrár greini frá því sem raunverulega gerðist. Varðandi sönnunargögn í málinu tekur dómarí m.a. eftirfarandi fram:

"Engin vitni hafa borið um aðkomu ákærða Lýðs að því að semja eða senda nefnda tilkynningu og engin önnur gögn styðja við fullyrðingu ákærvaldsins um að tilkynningin hafi verið send að undirlagi ákærða".

Héraðsdómari bendir á hina einföldu staðreynd málsins – burtséð frá öllu öðru, þá er ekkert gagn í málinu sem getur stutt við fullyrðingu ákærvaldsins. Ákæra sérstaks saksóknara var þegar af þessari ástæðu röng og tilhæflaus í upphafi, eins og honum var ítrekað bent á.

Ríkissaksóknari hefur tekið ákvörðun um áfrýjun málsins þó ekkert sönnunargagn sé í málinu til stuðnings ákæru sérstaks saksóknara. Slík ákvörðun er annað hvort mistök, sem enn er hægt að leiðréttu, eða brot á hlutlægnisskyldum ríkissaksóknara.

Með vísan til ofangreinds skorar undirritaður á ríkissaksóknara að endurskoða afstöðu sína um áfrýjun í þessu máli og falla frá henni.



Bjarnfreður Ólafsson, hdl.

Sérstakur saksóknari,  
Ólafur Þór Hauksson,  
Skúlagötu 17,

101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. október 2013

**Afrit af brefi til ríkissaksóknara**

Meðfylgjandi er afrit af brefi sem sent var ríkissaksóknara í dag.



Bjarnfreður Ólafsson, hdl.